

Úrskurður
áfrýjunarnefndar samkeppnismála
14. febrúar 2001

í máli nr. 1/2001

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.

gegn

samkeppnisráði

I

Með bréfi, dags. 28. desember 2000, sem barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 3. janúar 2001 hefur Kristján Þorbergsson hrl. f.h. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. kært ákvörðun samkeppnisráðs [nr. 35/2000](#), sem tekin var þann 4. desember 2000.

Með fyrrgreindri ákvörðun sinni taldi samkeppnisráð að með því að hafna ósk Vallarvina ehf. um aðstöðu til innritunar og farþegaþjónustu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hafi Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. brotið gegn 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og markmiði laganna, samanber 1. gr. þeirra. Jafnframt beindi samkeppnisráð þeim fyrirmælum til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. að semja við Vallarvini ehf. um nauðsynlega aðstöðu til innritunar og farþegaþjónustu í flugstöðinni svo að fyrirtækið geti innt þá þjónustu af hendi sem það hefur starfsleyfi til, eigi síðar en 15. janúar árið 2001.

Áfrýjandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Til vara er þess krafist að kæranda verði gefinn þriggja mánaða frestur til að leggja fyrir Samkeppnisráð reglur um úthlutun og aðgang aðila að aðstöðu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. til að geta veitt þar þjónustu á samkeppnisgrundvelli.

Samkeppnisráð krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

II

Málavextir eru þeir að með bréfi dags. 15. júní 2000, kvörtuðu Vallarvinir ehf. til Samkeppnisstofnunar yfir hindrunum fyrirtækið taldi sig hafa mætt á Keflavíkurflugvelli. Í erindinu segir að fyrirtækið, sem er

flugafgreiðslufyrirtæki á flugvellingum, hafi síðan 1997 haft leyfi til að afgreiða fragtflugvélar. Starfsemi fyrirtækisins hafi frá upphafi átt á brattann að sækja og hafi það komið fram í samskiptum við aðila sem hafi haft stjórn á ýmsum þáttum í rekstri flugvallarins. Að áliti Vallarvina hafi öll starfsemi á flugvellingum um árabíl snúist um rekstur Flugleiða hf. og forvera þess fyrirtækis. Hindranir af hálfu opinberra aðila skaði samkeppnisstöðu Vallarvina og séu farnar að valda fyrirtækinu umtalsverðu og hugsanlega varanlegu fjárhagstjóni. Þann 14. apríl 1999 hafi fyrirtækið sótt um leyfi til að afgreiða farþegaflugvélar á Keflavíkurflugvelli. Umsóknin var grundvölluð á samningi milli utanríkisráðuneytisins, Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli, Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Flugleiða, frá 9. janúar 1998, þar sem mótuð hafi verið stefna um að aflétta einokun á afgreiðslu flugvéla á Keflavíkurflugvelli í áföngum. Hafi Vallarvinir óskað eftir að starfsleyfi til þeirra tæki gildi eigi síðar en 1. maí 1999. Ekki hafi verið orðið við ósk fyrirtækisins um starfsleyfi frá umræddum tíma. Eftir bréfaskriftir og fundahöld með Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og utanríkisráðuneytinu hafi fyrirtækinu verið send bréfleg tilkynning um veitingu starfsleyfis til að afgreiða loftför með hámarksflugtaksþunga allt að 90 tonnum frá 18. janúar 2000. Leyfi þetta hafi hins vegar verið bundið því skilyrði, að leyfishafi skyldi semja sérstaklega við forráðamenn Flugstöðvarinnar um aðstöðu í flugstöðinni sjálfri til innritunar og þjónustu við farþega. Skriflegu erindi Vallarvina til Flugstöðvarinnar, dags. 27. mars 2000, um aðstöðu til innritunar og farþegaþjónustu í flugstöðinni hafi síðan verið hafnað með bréfi, dags. 7. apríl 2000, meðal annars með vísan til plássleysis í flugstöðvarbyggingunni.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs er lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess sem þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs þann 4. desember 2000 var tekin ákvörðun í máli þessu. Ákvörðunarorðin eru eftirfarandi:

„Með því að hafna ósk Vallarvina ehf. um aðstöðu til innritunar og farþegaþjónustu í Flugstöðinni hefur Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. brotið gegn 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og markmiði laganna, samanber 1. gr. þeirra.

Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga beinir samkeppnisráð þeim fyrirmælum til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. að semja við Vallarvini ehf. um nauðsynlega aðstöðu til innritunar og farþegaþjónustu í Flugstöðinni svo að fyrirtækið geti innt þá þjónustu af hendi sem það hefur starfsleyfi til, eigi síðar en 15. janúar árið 2001.“

III

Í kærri sinni til áfrýjunarnefndar samkeppnismála byggir áfrýjandi kröfu sína á því að hinn kærða ákvörðun verði felld úr gildi á fjórum málsástæðum.

Í fyrst lagi telur áfrýjandi að í málsmeðferð samkeppnisráðs hafi falist brot á meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Fyrirsvarsmenn hins nýja hlutafélags hafi hafi farið þess á leit við samkeppnisyfirvöld að þeim yrði leiðbeint um það með hvaða hætti þau sæu fyrir sér skipun mála í Flugstöðinni og að leitast yrði með sérstöku samráði félagsins og Samkeppnisstofnunar að sem minnst röskun yrði fyrir þá neytendur sem hinna raunverulegu hagsmuna eiga að gæta. Þessari ósk hafi aldrei verið svarað og í forsendum hinnar kærðu ákvörðunar sé ekkert að henni vikið.

Í öðru lagi telur áfrýjandi að í málinu bresti aðild Flugleiða hf. til að ákvörðun verði tekin. Áfrýjandi stundi sjálfur ekki starfsemi af þeim toga sem leyfisveiting Vallarvina ehf. varðar. Flugstöðin hafi hins vegar leigt Flugleiðum hf. með sérstökum samningi aðstöðu til að stunda hana. Samkeppnisaðili Vallarvina ehf. sé því Flugleiðir hf. en ekki áfrýjandi.

Í þriðja lagi telur áfrýjandi að rökleysa sé að halda því fram að kærandi sé brotlegur við 17. gr. samkeppnislaga.

Í fjórða lagi vísar áfrýjandi til þess að ákvörðunarorð hinn kærðu ákvörðunar séu bæði efnislega of óljós til að eftir þeim sé unnt að fara, auk þess sem í þeim felist ósönn staðhæfing í garð áfrýjanda. Ekki komi fram hvað samkeppnisráð telji að úthluta eigi Vallarvinum ehf. mörgum borðum, en í síðari málsgrein ákvörðunarorða sé vikið að “nauðsynlegri aðstöðu til innritunar og farþegaþjónustu” án þess að nokkra vísbendingu sé að finna um hvað við sé átt. Þá sé í fyrri málsgrein ákvörðunarorða staðhæft að áfrýjandi hafi hafnað ósk Vallarvina ehf. um aðstöðu til innritunar og farþegaþjónustu, en sú framsetning sé ekki réttmæt og sanngjörn.

Af hálfu samkeppnisráðs er vísað til þess fyrirtækið Vallarvinir hafi orðið fyrir verulegum hindrunum í tengslum við tilraunir þess til að hasla sér frekari völl í flugafgreiðsluþjónustu á Keflavíkurflugvelli og hafi þetta haft skaðleg áhrif á samkeppni. Samkeppnisráð byggir mál sitt almennt á því að hin kærða ákvörðun grundvallist á réttum forsendum, sé nauðsynleg til þess að efla virka samkeppni og því beri að staðfesta hana. Samkeppnisráð gerir eftirfarandi athugasemdir við þær málsástæður áfrýjanda sem fram koma í kærri hans til áfrýjunarnefndarinnar:

Hvað varðar þá málsástæðu áfrýjanda að í málsmeðferð samkeppnisráðs felist brot á meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þá bendir samkeppnisráð í fyrsta lagi á að öll sjónarmið eða vangaveltur um að áfrýjandi sé nýr aðili og hafi því átt að fá einhvers konar aukið svigrúm til þess að bregðast við eru að engu hafandi í þessu máli.

Áfrýjandi gefi til kynna að það hafi á einhvern hátt komið honum á óvart að grípa þyrfti til ráðstafana í Flugstöðinni vegna þess að aðrir aðilar en Flugleiðir myndu fá leyfi til þess að afgreiða farþegaflugvélar og vísað til misgjörða annarra. Að mati samkeppnisráðs gefi gögn málsins allt aðra mynd en áfrýjandi reyni að draga upp þannig að áfrýjanda var a.m.k. frá 9. janúar 1998 fullkunnugt um það að frelsi myndi komast á í flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli og að í því fælist að hann yrði að tryggja keppinautum Flugleiða fullnægjandi aðstöðu í Flugstöðinni til innritunar og farþegaþjónustu.

Við mat á því hvort málsmeðferð samkeppnisráðs hafi verið harkaleg þá telur samkeppnisráð að einnig veri að horfa á málið út frá sjónarhóli Vallarvina. Gögn málsins sýni að Vallarvinir hafa orðið fyrir verulegum hindrunum við að hefja aukna samkeppni á Keflavíkurflugvelli og fyrirtækið hefur leitt að því líkur að það hafi orðið fyrir tjóni.

Hvað varðar þá málsástæðu áfrýjanda að þar sem aðild Flugleiða hf. skorti hafi ekki verið heimilt að taka hina kærðu ákvörðun, þá bendir samkeppnisráð á að eins og skýrlega komi fram í hinni kærðu ákvörðun hafi Flugleiðum verið send öll gögn málsins til upplýsingar. Flugleiðum var þannig kynnt að þetta mál væri til umfjöllunar samkeppnisyfirvalda og fékk fyrirtækið afrit af öllum málgögnum. Fyrirtækinu var í lófa lagið að láta mál þetta til sín taka ef það taldi sig hafa lögvarinna hagsmuna að gæta varðandi fyrirhugaða stjórnvaldsákvörðun samkeppnisráðs, en það gerði enga tilraun til þess. Þá telur samkeppnisráð heldur ekki sjálfgefið að Flugleiðum hafi borið aðilastaða í málinu.

Hvað varðar þá málsástæðu áfrýjanda að í hinni kærðu ákvörðun felist rökleysa þar sem komi fram í henni að hann sé brotlegur við 17. gr. samkeppnislaga, þá vísar samkeppnisráð til þess að sú túlkun áfrýjanda fái ekki staðist.

Af hálfu samkeppnisráðs er því mótmælt að ákvörðunarorð hinnar kærðu ákvörðunar séu óljós. Í þeim felst sú skylda áfrýjanda að ganga til samninga við Vallarvini um nauðsynlega aðstöðu til innritunar og farþegaþjónustu.

Í kæru sinni áskildi áfrýjandi sér rétt til að reifa frekar þau sjónarmið sem rakin eru í henni í sérstakri greinargerð sem sendi yrði áfrýjunarnefnd samkeppnismála eigi síðar en 15. janúar 2001. Ekki barst

nefndinni sérstök greinargerð áfrýjanda fyrir þann tíma. Með bréfi hennar til áfrýjanda dagsettu 25. janúar 2001 var áfrýjanda gefinn frestur til 29. s.m. að skila inn athugasemdum við greinargerð samkeppnisráðs sem dagsett er 17. s.m. Þann dag barst nefndinni greinargerð áfrýjanda þar sem fram kemur að hann byggi mál sitt á eftirfarandi málsástæðum, en í henni segir m.a.:

“Auk þess sem greinir í kæru vill kærandi áréttá:

Kærandi telur í fyrsta lagi að skilgreining Samkeppnisráðs á markaði hafi verið ófullnægjandi og leitt til rangrar ákvörðunar Samkeppnisráðs.

Í öðru lagi heldur kærandi því fram að höfnun FLE á kröfu Vallarvina ehf. hafi ekki falið í sér brot á 17. gr. Samkeppnislaga nr. 8/1993 og sé ekki misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Í þriðja lagi heldur kærandi því fram að hann sem umráðaaðili FLE sem telja megi ómissandi aðstöðu (*essential facility*) í máli þessu, sé heimilt að binda aðgang að slíkri aðstöðu skilyrðum, séu til þess rök sem ekki feli í sér hindrun á samkeppni og skilyrðin séu gagnsæ, hlutlæg og án mismununar.

Í fjórða lagi er ákvörðun Samkeppnisráðs brot á meðalhófsreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1993, en Samkeppnisráði sem stjórnvaldi bar lagaskylda til að beita vægari úrræðum en það beitti með ákvörðun sinni, úr því að þeirra var kostur.

Í fimmta lagi tók Samkeppnisráð mið af athöfnum annarra en kæranda, þegar það lagði mat á það hvort athafnir kæranda teldust brot á samkeppnislögum.

Í sjötta lagi tók Samkeppnisráð ekkert tillit til þess í ákvörðun sinni að kærandi hefur unnið ótullega að því að opna flugvallarmannsvirki sín fyrir samkeppni á sviði flugþjónustu. Kærandi leitaði álits hjá Samkeppnisstofnun og bað um samráð um hvernig best væri að því staðið að veita aðilum aðgang að aðstöðu í umsjá kæranda. Þá hafi hefur verið unnið að því að fá fjármagn til framkvæmda til að fjölga innritunarborðum í FLE og þannig leysa þau vandamál sem fylgja aðstöðuleysi í FLE.

Í sjöunda lagi telur kærandi að Samkeppnisráð hafi tekið upp í úrskurd sinn órökstuddar fullyrðingar af hálfu Vallarvina ehf. Þá virðist Samkeppnisráð ekki hafa kannað hvað raunverulega fólst í kröfum Vallarvina og hefur sú yfirsjón leitt til rangrar niðurstöðu.

Í áttunda lagi lagði Samkeppnisráð ekkert mat á einstrengingslega hegðun Vallarvina, skilningsleysi þeirra á aðstæðum og viljaleysi til að vinna að lausn á málinu í samvinnu við kæranda og aðra er hagsmuni áttu að málinu.”

Af hálfu samkeppnisráðs er í svörum við framangreindri greinargerð áfrýjanda vísað til þess að greinargerðin sé í andstöðu við 9. gr. samkeppnislaga, þar sem í henni koma fram fjölmargar nýjar málsástæður.

IV

Niðurstöður

1

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála er þeirrar skoðunar að í kæru skuli koma fram kröfur áfrýjanda og allar helstu málsástæður nema sérstakur frestur sé veittur í því skyni. Þessu hefur áfrýjandi ekki sinnt að öllu leyti þar eð greinargerð hans frá 29. janúar sl. fól í sér viðbót við upphaflega kæru. Áfrýjunarnefndin telur þetta galla á málsmeðferð sem er þó ekki því til fyrirstöðu að úrskurða í málinu miðað við málskjöl og þær skýringar sem gefnar hafa verið.

2

Fram til 1. október 1998 var rekstur flugvallarins í Keflavík í höndum Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli sem var hluti embættis flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli. Frá þeim tíma varð Flugmálsstjórnin sjálfstæð ríkisstofnun í B-hluta ríkisreiknings og yfirtók hún alla samninga, þar á meðal leigusamninga um húsnæði í flugstöðinni. Með lögum nr. 76/2000 um stofnun hlutafélags um flugstöð Leifs Eiríkssonar var ríkisstjórninni heimilað að leggja flugstöðina ásamt öllu því sem henni fylgdi til hins nýja félags. Þann 1. október 2000 yfirtók hið nýja félag Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. við rekstri flugstöðvarinnar samkvæmt fyrrgreindum lögum og telst leigusali samkvæmt þeim leigusamningum sem gerðir hafa verið og lagðir hafa verið fram í málinu.

Flugleiðir hf. hafa frá því 15. september 1987 með samningi við Flugmálastjórnina á Keflavíkurflugvelli haft einkarétt til að reka flugþjónustu á flugvellingnum en þó þannig að afgreiðsla fragtflugvéla var gefin frjáls þann 19. nóvember 1992. Flugleiðir annaðist þó áfram, almenna flugafgreiðsluþjónustu við fraktflugvélar sem viðskipti áttu við þriðja aðila í umboði Flugmálastjórnarinnar. Með samningi utanríkisráðuneytisins og Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli annars vegar og Flugleiða hf. hins vegar frá 9. janúar 1998 var að því stefnt að koma á fullu frelsi til athafna og reksturs flugafgreiðslu í samræmi við tilskipun nr. 96/67/EB. Skyldi þetta gerast í þremur áföngum og var gert ráð fyrir því að síðasti áfanginn hæfist 1. janúar 2001 en frá og með þeim tíma skyldi veita frelsi til aðila með gild starfsleyfi til að afgreiða allar flugvélar.

Nú er í gildi leigusamningur frá 22. október 1997 milli Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli og Flugleiða hf. um aðstöðu til innritunar og þjónustu við farþega við komu ásamt aðgangi að tilheyrandi færriböndum og vogum á 1. hæð flugstöðvarinnar. Þessi samningur er ótímabundinn en uppsegjanlegur hvenær sem er af hálfu hvors aðila með þriggja mánaða fyrirvara.

Í máli þessu er fram komið að upphaflegur kvartandi, fyrirtækið Vallarvinir ehf., hefur frá því 10. september 1997 haft starfsleyfi til að afgreiða fragtflugvélar á Keflavíkurflugvelli og þann 18. janúar 2000 veitti flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli Vallarvinum ehf. starfsleyfi til að afgreiða flugvélar sem hafa viðkomu á Keflavíkurflugvelli með allt að 90 tonna hámarksflugtaksþunga. Jafnframt var fyrirtækinu heimilað að inna af hendi þá þjónustu sem lýst er í viðauka við tilskipun nr. 96/67/EB en þó með ýmsum skilyrðum, m.a. því skilyrði að leyfishafa bæri að semja við forráðamenn Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. um aðstöðu í flugstöð. Fram er komið í málinu að sama dag, þann 18. janúar 2000, var Suðurflugi ehf. veitt áþekkt starfsleyfi.

2

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála getur fallist á þá markaðsskilgreiningu sem fram kemur í 2. lið niðurstöðukafla í hinni áfrýjuðu ákvörðun. Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. er eigandi aðstöðu sem er nauðsynleg til þess að unnt sé að nýta fyrrgreind starfsleyfi til þess að afgreiða loftför sem hafa viðkomu á Keflavíkurflugvelli. Því er rétt að líta svo á að fyrirtækið sé í markaðsráðandi stöðu varðandi það að veita afgreiðsluáðstöðu í flugstöðinni. Augljóst er að samningar markaðsráðandi fyrirtækis við einn aðila á samkeppnismarkaði getur þrengt stöðu annars sem keppa vill á sama markaði. Í máli þessu er ljóst að samningur áfrýjanda við Flugleiðir um starfsaðstöðu í flugstöðinni er

helsti þröskuldurinn fyrir því að lausn hafi fundist á þeim málefnum Vallarvina ehf. sem hér eru til umfjöllunar.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur miðað við þessar aðstæður að ástæða geti verið til íhlutunar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga. Áfrýjunarnefndin telur enn fremur að þeirri íhlutun megi beina eingöngu að þeim aðila sem er í lykilaðstöðu að þessu leyti án þess að Flugleiðir séu þar jafnframt aðili.

3

Í 1. lið II. kafla hinnar áfrýjuðu ákvörðunar eru raktar þær tilraunir sem gerðar voru til þess að leysa mál Vallarvina ehf. en þar er einkum byggt á bréfi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. til Samkeppnisstofnunar, dags. 21. júlí 2000. Fram kemur m. a. að Vallarvinir ehf. töldu sig ekki geta sætt sig við þær lausnir á afgreiðsluáðstöðu sem Flugstöðin setti fram. Þá kemur einnig fram að nú séu 20 innritunarborð í brottfararsal en umsvifin á álagstímum séu slík að þau séu allt of fá. Fjölgun innritunarborða sé á dagskrá og strax á árinu 2001 muni þeim fjölga og að tveimur árum liðnum verði þau að minnsta kosti orðin 36. Fyrrgreint bréf Flugstöðvarinnar var sent Vallarvinum ehf. til umsagnar sem tjáðu sig um það með bréfi 14. ágúst 2000. Skömmu síðar sendi Samkeppnisstofnun athugasemdabréf Vallarvina til Flugstöðvarinnar sem óskaði eftir fresti þar eð reksturinn yrði yfirtekinn innan skamms af hlutafélagi með sama nafni. Í 3. lið II. kafla hinnar áfrýjuðu ákvörðunar eru síðan rakin viðbrögð lögmanns Flugstöðvarinnar í bréfi dags. 18. október 2000. Þar kemur m.a. fram að fullur vilji sé til að mæta þörfum nýrra flugafgreiðsluaðila með tilhliðrunum og sérstökum ráðstöfunum. Tekið er fram að leita þurfi bráðabirgðalausna fram til þess að flugafgreiðsluborðum verði fjölgað sem verði á árinu 2001. Í lok bréfsins er þess farið á leit að komi til íhlutunar verði með sérstöku samráði leitast við að haga málum svo að staða sem er “óþolandi fyrir gagnvart þeim sem um stöðina fara, verði ekki gerð enn verri.”

Þá er og ljóst af skjölum sem lögð hafa verið fram fyrir áfrýjunarnefndina að Vallarvinir ehf. og Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. hafa þreifað fyrir sér um aðstöðu í Flugstöðinni í janúarmánuði, sbr. framlögð bréf milli þessara aðila dags. 3. og 17. janúar 2001 en samkomulag hefur þó enn ekki tekist. Af skjölum þessum er ljóst að tilboð liggur nú fyrir um aðgengi Vallarvina ehf. að fjórum innritunarstöðvum ásamt nauðsynlegum búnaði með ákveðnum skilyrðum einkum varðandi gjaldtöku.

4

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála tekur fram að þann 18. janúar 2000 hafi Vallarvinum ehf. verið veitt starfsleyfi til afgreiðslu á ákveðnum flugvélum en þó þannig að Vallarvinum bar að semja við Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. um aðstöðu í flugstöð. Þeir samningar hafa enn ekki náðst eins og að framan hefur verið rakið. Áfrýjunarnefndin lítur svo á að markaðsaðgang verði að tryggja og að sá tími sem nú er liðinn án þess að það markmið hafi náðst hafi þegar haft skaðleg áhrif á samkeppni þannig að íhlutun sé heimil.

5

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að brýnt sé að veita þeim aðilum sem að málinu koma nægjanlegt svigrúm til að finna lausn á þeirri stöðu sem upp er komin. Enda þótt tilraunir í þessa átt hafi þegar verið gerðar þykir engu að síður verða að líta til þess að Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. tók yfir rekstur ríkisstofnunar með sama nafni þann 1. október 2000, sbr. lög nr. 76/2000 um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Jafnvel þótt hlutafélagið hafi yfirtekið öll réttindi og allar skyldur ríkisstofnunarinnar verður ekki fram hjá því litið að forráðamenn hlutafélagsins hafa aðeins fengið nauman tíma til að vinna að lausn málsins. Af hálfu Flugstöðvarinnar hefur því verið lýst yfir að vilji sé fyrir hendi til að mæta þörfum nýrra flugafgreiðsluaðila með tilhliðrunum og sérstökum ráðstöfunum og hefur sá vilji m.a. komið fram í bréfi dagsettu 17. janúar 2001 til Vallarvina ehf. sem fyrr er vikið að.

6

Eins og mál þetta liggur fyrir þykir Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. ekki hafa fengið nægilegt tækifæri til að sýna vilja sinn í verki áður en ákvörðun samkeppnisráðs var felld. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur hins vegar að í tilvikum sem þessum verði að gera þær kröfur að samkeppnisaðilar geti stundað starfsemi sína óháð starfsemi annarra samkeppnisaðila og á jafnréttisgrundvelli miðað við aðstæður.

7

Samkvæmt því sem nú hefur verið ritað þykir rétt að veita Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. 3 vikna frest frá dagsetningu úrskurðar þessa að telja til að finna viðunandi lausn þeirra álitaefna sem hér liggja fyrir. Að því loknu skal Samkeppnisstofnun taka til skoðunar hvort ástæða sé til frekari íhlutunar.

V

Úrskurðarorð

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. fær 3 vikna frest frá dagsetningu úrskurðar þessar að telja til að finna viðunandi lausn á þeim álitaefnum um afgreiðsluáðstöðu sem mál þetta fjallar um. Gera skal Vallarvinum ehf. kleift að stunda starfsemi sína óháð starfsemi Flugleiða og á jafnréttisgrundvelli miðað við aðstæður. Að loknum þeim fresti skal Samkeppnisstofnun taka til skoðunar hvort ástæða sé til frekari íhlutunar.